

Skipulagsstofnun
Jakob Gunnarsson
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Reykjavík 29. ágúst 2019
UST201907-199/B.S.
10.05.01

Efni: Mat á umhverfisáhrifum - Ný byggð í Skerjafirði – Landfylling. Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 18. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Ráðgert er að gera 4,3 ha landfyllingu í Skerjafirði þar sem rísa mun hluti nýrrar íbúðarbyggðar.

Umrætt framkvæmdasvæði er utan hverfisverndarsvæðis og svæðis sem er friðlýst sem náttúruvætti. Framkvæmdin er tilkynnt til skipulagsstofnunar vegna þess að leirur er að finna innan framkvæmdasvæðisins.

Fram kemur í skýrslu RORUM um fjörusvæðið að því væri best lýst sem þangfjörü með sandleir og leirublettum, þar sem þangfjaran hefði hæst verndargildi, leirublettir miðlungs verndargildi og sandfjörur lítið verndargildi.


Í greinargerðinni segir enn fremur: „*Ef gerð er grjótvörn við landfyllinguna úr stórgrýti, eða stórum hnullungum mun að öllum líkindum klóþang (sem hefur mest verndargildi) setjast á grjótið....Ef myndað er skjól austan til á svæðinu er ekkert því til fyrirstöðu að fint undirlag eins og leir setjist í fjöruna og leira myndist og sand og malarffjara þar sem hreyfing er meiri.*“


Þær leirur sem raskast við framkvæmdina eru ekki sérlega lífauðugar eða stórar miðað við Skerjafjörð allan. Ef farið verður að ráðleggingum sérfræðinga um frágang landfyllingarinnar og mótvægisaðgerðir er talið mögulegt að endurheimta þann hluta fjörugerðarinnar sem hefur mest verndargildi og með tímanum mætti ef til vill endurheimta leirur að einhverju leyti.

Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Beðist er velvirðingar á því hversu dregist hefur að svara þessu erindi.

Virðingarfyllst


Björn Stefánsson
sérfræðingur


Axel Benediktsson
sérfræðingur